

## Garðar Arngrímsson sjómaður og bóndi

Afhending 2018/49

Garðar Arngrímsson fæddist 30.12.1897 á Stöng í Skútustaðahreppi og lést 20.2.1930 í sjúkraskýlinu á Þórshöfn. Hann var sonur Arngríms Einarssonar (1863-1936) bónda í Torfunesi 1888-1906, Ljósavatni 1906-1914 og Gunnólfsvík 1922-1928. Móðir Garðars var Guðný Árnadóttir (1875-1946), þá vinnukona í Torfunesi en síðar bústýra Arngríms. Árin 1914-1922 bjuggu þau á Akureyri en þar var Arngrímur söðlasmiður og Eyjafjarðarpóstur.

Garðar ólst upp á heimili föður síns, síðar heimili foreldra sinna. Hann fluttist með þeim til Akureyrar og þar hófst sjómennskuferill Garðars er hann réðist sem háseti á Súluna árið 1916. Garðar var á nokkrum skipum og einnig í millilandasiglingum en 1921 opnaði hann fólksráðningarskrifstofu á Akureyri á rak í rúmt ár. Árið 1922 flutti hann með foreldrum sínum austur að Gunnólfsvík þar sem þau hófu búskap og vélbátaútgærð. Í tímaritinu Ægi segir um útgærðina á Gunnólfsvík árið 1922:

*Á Gunnólfsvík hafa verið gerðir út 3 mótorbátar [og] hafa aflað allvel eftir ástæðum. Garðar Arngrímsson sagði mér að ástæðan til að ekki hafði aflast meir í Gunnólfsvík en varð, væri mest því að kenna að frystihús vantaði. Hr. Garðar hefir keypt útgærðarplássið þar og hefir gert þar út með öðrum 2 motorbáta. Hann hefir hug á að byggja þar frystihús í vor, og er þegar farinn að búa sig undir slíkt. (Ægir, 15:1 (1922), 131)*

Garðar var útgærðarstjóri á sóknarmanntali 1922-1923, síðar lausamaður og borgari en frá 1928 var hann bóndi í Gunnólfsvík. Garðar bjó í Gunnólfsvík til d.d.

Kona Garðars var Þórhildur Hólmfríður Valdimarsdóttir (1889-1971), húsmóðir og kennari. Þau voru barnlaus en sonur Þórhildar var Valdimar Magnús Jónsson.

Ekki hafa komið aðrar afhendingar tengdar Garðari og ekki er ljóst með hvaða hætti afhendingin kom á safnið. Afhendingin fannst við tiltekt.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
3. ágúst 2018

Lára Ágústa Ólafsdóttir  
skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Garðar Arngrímsson (1897-1930), sjómaður og bóndi</b>			<b>2018 / 49</b>
<b>A-Garðar Arngrímsson</b>			
<b>A-Garðar Arngrímsson</b>		<b>1916 - 1920</b>	
2018 - A / 1	1	1916- 1920 Sjóferðabók	Æviskrá Garðars fylgir með